

**ORKUSTOFNUN**

Vatnamælingar

**Vatnsbúskapur  
Þingvallavatnsmiðlunar  
árin 1940 - 1995**

**Hluti A: Greinargerð**

**Ásgeir Sigurðsson og Sigvaldi Árnason  
Orkustofnun**

**Sigfinnur Snorrason  
Línuhönnun**

**Unnið fyrir Landsvirkjun**

**1997**

**OS-97030**





**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 741 875

**Ásgeir Sigurðsson, Orkustofnun**  
**Sigvaldi Árnason, Orkustofnun**  
**Sigfinnur Snorrason, Línuhönnun**

## **Vatnsbúskapur Þingvallavatnsmiðlunar árin 1940 - 1995**

**Hluti A: Greinargerð**

**Unnið fyrir Landsvirkjun**

**OS-97030**

**Júlí 1997**


ISBN 9979-68-000-8

ORKUSTOFNUN: Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 5688896  
Netfang [os@os.is](mailto:os@os.is) - Heimasíða <http://www.os.is>

**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Lykilsíða

<b>Skýrsla nr.:</b> OS-97030	<b>Dags.:</b> Júlí 1997	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> VATNSBÚSKAPUR ÞINGVALLAVATNSMIÐLUNAR ÁRIN 1940 - 1995 Hluti A: Greinargerð	<b>Upplag:</b> 80	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 144	
<b>Höfundar:</b> Ásgeir Sigurðsson og Sigvaldi Árnason (Orkustofnun) og Sigfinnur Snorrason (Lfnuhönnun)	<b>Verkefnisstjóri:</b> Árni Snorrason	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Gagnaskýrsla, heildarsamantekt	<b>Verknúmer:</b> 741 875	
<b>Unnið fyrir:</b> Landsvirkjun		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Í skýrslunni eru sett fram gögn um vatnsbúskap Þingvallavatns sem miðlunar fyrir virkjanir í Soginu á árunum 1940-1995, vatnshæð og forða í vatninu ásamt útrennsli, sem er rennsli Sogsins, og reiknuðu innrennsli. Það eru þeir þættir sem almennt eru birtir í rafstöðvaskýrslum um miðlanir. Lýst er mælingum sem gerðar hafa verið á vatnsborði þess og birtar niðurstöður. Fyrstu mælingarnar eru kvarðaálestrar frá 1940, síðan taka við daglegar mælingar og að lokum síriti við Skálabrekku 1975. Vatnshæðirnar voru ekki allar mældar í sama hæðarkerfi og hefur því þurft að færa gögn milli kerfa til samræmis, en hæðir eru nú allar gefnar í svonefndu landskerfi Orkustofnunar, í m y.s. Gæði gagnanna eru því mismikil en leitast er við að velja bestu gögnin á hverjum tíma. Einnig kom í ljós að í áður útgefnum mæligögnum eru vatnshæðir ekki réttar. Litið er á heildarrennsli Sogsins sem útrennsli Þingvallavatns, nú mælt við Ásgarð neðan virkjana. Í viðauka 1 eru forða- og rennslislyklar sem koma við sögu og í viðauka 2 töflur með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta hvert ár.		
<b>Lykilorð:</b> Rafstöðvar, miðlun, rennsli, vatnshæð, vatnshæðarmælar, rennslisþættir, innrennsli, útrennsli, forði, gagnavinnsla	<b>ISBN-númer:</b> ISBN 9979-68-000-8	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
	<b>Yfirfarið af:</b> KE, PI	



## ÞINGVALLAVATNSMIÐLUN – vhm197 Helstu einkennisþættir

- Vatnsfall

Nafn: Sog

Tegund: Útrennsli úr Þingvallavatni

Vatnasvið: 1094 km<sup>2</sup>, við Ásgarð

- Miðlunarlón

Þingvallavatn

- Vatnshæðarmælar

Vatnshæð í lóni:

Vatnsborðsmælir vhm197\*) Skálabrekku og LV-802\*) Steingrímsstöð

Kvarðaálestrar vikulega frá 1940-60

Daglegir álestrar af LV-802 frá 1960-75

Síriti í vhm197 frá 1975.08.01

0-punktur er FM-OS 7087\*) í hæð 101,7496 m y.s.

Útrennsli:

Frá 1972.02.15 rennslisstöð vhm271\*), Ásgarður

Áður útrennsli við Ljósafossvirkjun

Einnig er til útrennsli Írafossvirkjunar frá 1976, en er ekki notað

- Meðaltöl rennslispátta

	Útrennsli	Vatnsborð
	m <sup>3</sup> /s	m y.s.
1940-95	107,69	100,50
1941-50	114,67	100,47
1951-60	108,19	100,37
1961-70	99,01	100,58
1971-80	111,48	100,56
1981-90	101,39	100,52

---

\*) Staðsetning mælanna er sýnd á mynd 1 og þeim lýst í köflum 2 og 3.

## ABSTRACT

The report is a collection and presentation of data on the water budget of the water storage in lake Þingvallavatn during the period 1940-1995. The National Power Company as the owner of the power plants in the river Sog is in charge of keeping records on water utilization in the plants. The Hydrological Survey of Orkustofnun, National Energy Authority, takes care of water level measurements in lake Þingvallavatn and measures the flow of the Sog river. They are responsible for processing the data, storing it in a database and publishing it.

The report is in two parts. **Part A** is a general summary report describing the conditions at the lake and outflowing river, the history of water gauging as well as the factors pertaining to the acquisition and processing of relevant data. This part of the report contains two appendices, the first with tables of stage-discharge and stage-storage relations, and the second has records containing monthly and yearly values for stage, reservoir storage and discharge components. The discharge is given as an accumulated as well as an average value. Data on maximum and minimum inflow to lake Þingvallavatn are also presented.

**Part B** starts with the same tables of data as in appendix 2 of part A, but primarily contains a collection of tables and graphs presenting daily values for each hydrological component together with monthly and yearly values.

Parts A and B include graphs of temperature and precipitation based on data from the Icelandic Meteorological Office.

The harnessed river, Sog, is an outflow from Þingvallavatn, the largest lake in Iceland. The water level in the lake is kept within strict limits for ecological reasons. There are three power plants in the river with small intake reservoirs.

All calculations of the hydrological components belonging to the Þingvallavatn reservoir and the flow in the Sog river are based on direct measurements of water level in the lake and in the river from 1972. Before that the flow in the river was calculated from energy production in the power plant Ljósafoss with the addition of the excess flow.

The data processing is carried out on the Orkustofnun computer with a suite of programs specially written for this purpose. Basically six hydrological components are computed, the first three derived from the primary data, but the other three are calculated from the first three provided that the stage-storage relation for the reservoir is available. A summary of station and hydrological characteristics is on the back side of the title page, and an English version of it is overleaf.

All hydrological data is available in digital form.

## **ÞINGVALLAVATNSMIDLUN Reservoir – vhm197** **Main station and hydrological characteristics**

- **River**

Name: Sog

Type: Outflow from lake Þingvallavatn

Drainage area: 1094 km<sup>2</sup>, at Ásgarður

- **Reservoir**

Þingvallavatn.

- **Gauging stations**

Water level in intake reservoir:

Water level station vhm197 Skálabrekku and LV-802 Steingrímsstöð

Weekly readings of staff gauge 1940-60

Daily readings of LV-802 1960-75

Continuous water level measurements in vhm197 from 1975.08.01

Fixed point FM-OS 7087 in 101.7496 m o.s.l.

Outflow:

Since 1972.02.15 discharge station vhm271, Ásgarður

Prior to that power station Ljósafoss, utilized flow and excess flow

Outflow from power station Írafoss is also available from 1976, but not used

- **Mean of hydrological components**

	<b>Outflow vhm77197</b>	<b>Water level vhm4197</b>
	<b>m<sup>3</sup>/s</b>	<b>m a.s.l.</b>
<b>1940-95</b>	107.69	100.50
<b>1941-50</b>	114.67	100.47
<b>1951-60</b>	108.19	100.37
<b>1961-70</b>	99.01	100.58
<b>1971-80</b>	111.48	100.56
<b>1981-90</b>	101.39	100.52

## EFNISYFIRLIT

ÞINGVALLAVATNSMIÐLUN – vhm197	
Helstu einkennisþættir	2
ABSTRACT	3
ÞINGVALLAVATNSMIÐLUN Reservoir – vhm197	
Main station and hydrological characteristics	4
1. INNGANGUR	7
2. AÐSTÆÐUR VIÐ ÞINGVALLAVATNSMIÐLUN	8
2.1 Vatnshæðarmælingar í Þingvallavatni	8
2.1.1 Kvarði í Mölvíkum	10
2.1.2 Vatnshæðarmælingar í Steingrímsstöð	11
2.1.3 Landmælingar við Þingvallavatn	12
2.1.4 Vatnshæðarmælingar við Skálabrekku	12
2.1.5 Samanburður mælinga	14
2.2 Mælingar á rennsli Sogsins	14
2.2.1 Samanburður milli mælistöðva	16
2.2.2 Rennslismælingar í Soginu	17
3. NÚMERAKERFI OG STÖÐVARÞÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU	18
4. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR	20
5. NIÐURSTÖÐUR	21
VIÐAUKI 1: Rennslislyklar fyrir vhm271 við Ásgarð og forðalykill fyrir Þingvallavatn	27
VIÐAUKI 2: Árstöflur með mánaðargildum einstakra stöðvarþátta	31
M Y N D A S K R Á	
1. Yfirlitskort af virkjunarsvæði Sogsvirkjana	9
2. Ársmeðaltöl vatnshæðar og útrenslis Þingvallavatnsmiðlunar og rennslis Ölfusár 1940-1995	23
3. Mánaðarmeðaltöl vatnshæðar og útrenslis Þingvallavatnsmiðlunar og rennslis Ölfusár 1940-1995	24
4. Meðalhiti og úrkoma í Reykjavík og náttúrulegt afrennsli af vatnasviði miðlunarinnar 1940-1995 (árs- og mánaðagildi)	25



## 1. INNGANGUR

Vatnamælingar Orkustofnunar (OS-VM) og Landsvirkjun (LV) fylgjast í sameiningu með vatnsbúskap rafstöðva í eigu Landsvirkjunar. Starfsmenn Landsvirkjunar þjónusta vatnshæðarmæla við rafstöðvarnar og færa skýrslur um vatnsnotkun. Síðan hafa Vatnamælingar Orkustofnunar unnið úr gögnunum, varðveitt þau í gagnabanka og gefið út eftir atvikum í rafstöðvaskýrslum.

Á nokkrum stöðum hagar þannig til að vatni er miðlað úr stöðuvatni, án þess að fara beint í gegnum vélar virkjunar. Þetta eru nefndar miðlanir og hafa sömu stöðu og virkjanir í útgáfu-kerfinu. Í miðlunum eru frumrennslisþættirnir oftast vatnsborð miðlunarlóns og framhjärennslis, sem jafnframt er útrennsli vatnsins. Aðrir rafstöðvaþættir svo sem forði og innrennsli eru síðan reiknaðir út.

Í þessari skýrslu eru birt gögn um vatnsbúskap Þingvallavatnsmiðlunar á árunum 1940-1995, en ekki er fjallað um vatnsnotkun virkjana í Soginu.

Litið er á Þingvallavatn sem miðlunarlón fyrir Sogið og er þeim vatnsborðsmælingum sem þar hafa verið gerðar lýst og niðurstöður birtar. Fyrstu mælingarnar eru kvarðaálestrar frá 1940, síðan taka við daglegar mælingar ofan Steingrímsstöðvar og að lokum sífriti við Skálabrekku frá 1975. Sífritinn var reistur norðan vatnsins, á spildu sem hefur orðið fyrir landsigi.

Vatnshæðirnar voru ekki allar mældar í sama hæðarkerfi og hefur því þurft að færa gögn mismunandi tímabila á milli kerfa, til samræmis. Nú eru allar hæðir uppgefnar í svonefndu Landskerfi Orkustofnunar, í metrum yfir sjó.

Því miður var ekki notaður réttur stuðull til að flytja vatnshæðir á milli mælikerfa við fyrri útgáfu þessara gagna, og eru áður útgefin mæligögn því ekki með réttar hæðir.

Litið er á heildarrennsli Sogsins sem útrennsli Þingvallavatns, mælt við Ásgarð neðan virkjana. Að vísu þarf að styðjast við gögn um notað vatn og framhjärennslis frá Ljósafossi fram til 1972, en þá var mælirinn við Ásgarð reistur. Ekki er tekið tillit til forðabreytinga í inntakslónum Ljósafoss og Írafoss, enda eru þær óverulegar frá degi til dags.

Gögn um rennsli Sogsins eru til frá árunum 1919-1929, en þá var lesið af kvarða um tvisvar í viku. Ekki eru til vatnsborðsmælingar í Þingvallavatni á þessum tíma og er því ekki hægt að reikna inn- og útrennsli. Þessi gögn hafa enn ekki verið slegin inn í tölvu.

Fyrsta virkjunin í Soginu, Ljósafoss, tók til starfa 25. október 1937, en síðan hafa tvær aðrar virkjanir, Írafoss (1953) og Steingrímsstöð (1959) verið gangsettar.

Frá 1940-1972 eru til gögn um notað vatn og framhjärennslis frá Ljósafoss rafstöðinni, en þá var mælistöðin við Ásgarð, vhm271, byggð neðan virkjunar.

Frá 1976 eru til gögn um notað vatn og framhjärennslis við Írafoss stöðina, sem gefa möguleika á samanburði við Ásgarðsmælinn.

Skýrslan skiptist í tvo hluta, sem nefndir eru *Hluti A* og *Hluti B*.

Hluti A er skýrsla á hinu venjulega formi skýrslna Orkustofnunar. Fremst er yfirlit yfir helstu einkennisþætti miðlunarinnar. Síðan kemur ágríp á ensku ásamt enskri þýðingu á yfirlitinu. Þar á eftir kemur meginhluti skýrslunnar, þar sem gerð er grein fyrir aðstæðum við miðlunina, mælingum, ferli gagnavinnslu, minnst á örfá atriði, sem hafa þarf í huga til að tryggja að gögn verði sem nákvæmust í framtíðinni og fjallað um niðurstöður. Þá eru niðurstöður einstakra stöðvarþátta settar fram á myndrænu formi yfir allt tímabilið. Stöð er í þessu samhengi virkjun, miðlun eða veita með sínu vhm-númeri í stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga. Númerakerfinu er lýst í kafla 3 og á mynd 1 er gefin staðsetning á vatnshæðarmælum og fastmerkjum sem tengjast þeim. Í þessum hluta skýrslunnar eru tveir viðaukar. Í viðauka 1 eru forða- og rennislislyklar, sem koma við sögu og í viðauka 2 eru töflur með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta fyrir hvert ár fyrir sig.

Hluti B er á lausblaðaformi. Meginhluti hans eru töflur með dagsgildum stöðvarþátta og línurit byggð að mestu á þeim sömu dagsgildum. Þar eru einnig töflurnar úr A-hlutanum með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta. B-hluti skýrslunnar er gefinn út í mjög litlu upplagi og er einungis ætlaður þeim, sem þurfa að skoða gögnin nánar en unnt er í A-hlutanum. Gert er ráð fyrir því, að flestum lesendum nægi A-hlutinn.

Bæði í A- og B-hluta koma fyrir línurit yfir veðurþætti. Er þar byggt á gögnum frá Veðurstofu Íslands.

Skýrslan er tekin saman af Ásgeiri Sigurðssyni og Sigvalda Árnasyni, ásamt Sigfinni Snorrasyni fyrrum starfsmanni Vatnamælinga en nú hjá Verkfræðistofunni Línuhönnun hf. Áður höfðu ýmsir starfsmenn Vatnamælinga lagt hönd á plóginn við vinnslu og innslátt frumgagna. Þá er skylt að geta þess að Árni Snorrason, Kristinn Einarsson, Páll Ingólfsson og Tómas Jóhannesson hafa gefið fjölmargar ábendingar um almenn atriði í skýrslum á borð við þessa.

## **2. AÐSTÆÐUR VIÐ ÞINGVALLAVATNSMIÐLUN**

### **2.1 Vatnshæðarmælingar í Þingvallavatni**


Mælingar á vatnshæð Þingvallavatns eiga sér langa sögu. Því miður hefur ekki verið mælt samfelld á sama stað allan tímann og ekki var heldur notað sama hæðarkerfið við mælingarnar. Einnig hefur þurft að taka tillit til landsigs sem orðið hefur við norðurenda vatnsins. Á mynd 1 eru sýndir núverandi vatnshæðarmælar, ásamt helstu fastmerkjum sem notuð eru í tengslum við þá.

Bestu fáanlegu mælingum hvers tímabils er safnað sama á vhm4197 með þeim áætlunum sem þurft hefur að gera. Í köflunum hér á eftir verður einstökum mæliröðum lýst, ásamt þeim leiðréttingum sem hefur þurft að gera á þeim.

Upphaflega vatnshæðarmælikerfið var sett inn í hæð yfir sjó með tengingu við hæðarkerfi Sogsvirkjana.

Fastmerki við vatnshæðarmælinn hjá Skálabrekku var upphaflega sett í það sama hæðarkerfi, en var síðar mælt inn í landskerfið.

Sumarið 1995 var endanlega mælt milli landskerfisins og Sogskerfisins.



Mynd 1. Yfirlitskort af virkjunarsvæði Sogsvirkjana.



Þegar setja á fram samfellda mæliröð þarf því að taka tillit til allra þessara þátta. Þegar landskerfið og Sogskerfið voru tengd saman sumarið 1995 kom í ljós að Sogskerfið var 2,04 m hærra. Áður var talið að munurinn væri 1,87 m. Þetta hafði í för með sér að áður uppgefnar vatnsborðshæðir Þingvallavatns voru 17 cm of háar.

Eldra fastmerkið við vatnshæðarmælinn hjá Skálabrekku var mælt inn einhverntíma eftir 1950. Þegar síritinn var settur niður 1975 var sú hæð notuð til að stilla álesturinn.

Það kom síðar í ljós við samanburð á vatnsborðsmælingum við önnur fastmerki að þessi hæð var ekki rétt. Fastmerkið hafði sigið frá því það var upphaflega mælt inn. Hið sama sýndu einnig landmælingar inn á fastmerkið. Það varð því einnig að leiðrétta vatnshæðirnar fyrir þessum mismun.

Fastmerki 7087 í stíflu við útfall Sogsins, sjá mynd 1, er notað sem viðmiðunarhæð á svæðinu og er það talið vera utan þess svæðis sem seig.

### 2.1.1 Kvarði í Mölvíkum

Upphaf mælinga á vatnsborði Þingvallavatns var kvarði sem settur var í Mölvíkum rétt ofan útfalls Sogsins. Áætluð staðsetning er sýnd á mynd 1. Starfsmenn Sogsvirkjana lásu af óreglulega. Mælingar eru skráðar í dagbækur virkjunarinnar.

Fyrsti kvarðinn var settur upp 12. október 1938, en nákvæm staðsetning er óþekkt. Þann 25. október 1939 var hann endurbyggður og mældur inn í Sogskerfi. Hæð 103,25 m y.s. samsvarar 32 á gamla kvarðanum. Samkvæmt mælingum frá 1952 var þetta leiðrétt og voru þá allir aflestrar lækkaðir um 72 sm allt til ársins 1954. (Sbr. bréf frá 29. desember 1953). Eftir leiðréttinguna samsvara 102,53 metrar yfir sjó hæðinni 32 á kvarðanum.

Kvarðamælingar eru notaðar frá 1. janúar 1940 til 31. maí 1960. Þær eru skráðar sem frumgögn í upprunalegu formi á vhm1197 í tölvukerfi VM-OS, en með leiðréttingum vegna hæðarkerfis á vhm4802. Það var síðan brúað línulega milli mælipunkta og fært á skrár 4197. Ekki eru til mælingar frá 5. febrúar 1955 til 5. nóvember 1956. Þetta gat var brúað með samanburði við útrennsli Sogsins, sem síðan var lagfært vegna sveiflna í rennsli árinna.

Sumarið 1953 var settur bolti í klöpp hjá kvarða í Mölvíkum, í hæð 102,920 m y.s. Gengið var út frá fastmerki í kóta 80,00 ofan Ljósafoss, sem er fastmerki Sogskerfisins. Ekki er vitað um að þessi bolti, við kvarðann, hafi verið mældur inn aftur. Sumarið 1953 voru miklar dýptarmælingar og mælingar á flatarmáli fjörunnar við Þingvallavatn, vegna hugsanlegra virkjunarframkvæmda.

Mælingar LV frá 1995 sýna að Sogskerfið er 2,04 m hærra en svokallað landskerfi. Nú eru allar hæðir gefnar upp í landskerfinu og þarf því að lækka gömlu álestrana um 2,04 m.

Ekki er hægt að tékka þessi gögn á óháðan hátt.

## 2.1.2 Vatnshæðarmælingar í Steingrímsstöð

Í dagbókum Steingrímsstöðvar eru vatnshæðaraflestrar á nokkurra klukkustunda fresti yfir daginn. Skráð var ein tala á dag frá 1960-1975 í tölvuskra sem fékkst hjá Landsvirkjun og var notuð til að gefa vatnshæð þetta tímabil. Gera þurfti nokkrar leiðréttingar á upprunalegu gögnunum með hliðsjón af veðri og því sem skráð var í dagbækur virkjunarinnar. Við fyrri meðhöndlun var gengið út frá 1,87 m mun milli hæðarkerfanna, en í rauninni er munurinn 2,04 m. Gögnin voru einnig borin saman við færslur í dagbók Ljósafoss um vatnshæð Þingvallavatns og bar því þokkalega saman. Dagbókarfærslurnar virðast hafa verið notaðar á rafstöðvarblöð sem send voru Vatnamælingum.

Gögnin ná frá 31. maí 1960 til 10. ágúst 1975. Þau voru upphaflega skráð sem frumgögn á vhm1502 hjá Vatnamælingum, en síðan færð yfir á vhm4197 með viðeigandi leiðréttingum.

Frá 1987 hefur vatnshæð Þingvallavatns verið færð daglega á skrá LV-802 í gamla hæðarkerfi Sogsins. Frá 1990 eru mælingar skráðar á klukkutíma fresti og geymdar í kerfiráð Landsvirkjunar. Hjá Vatnamælingum eru þessi gögn skráð á vhm4802, með hæðarleiðréttingu.

Gögnin voru borin saman við uppgefnar vatnshæðir af rafstöðvarblöðum og munaði stundum 5 cm á mælingum sama daginn. Samanburður við vatnsborð í Skálabrekku-mælinum vhm1197 gaf einnig mjög misvísandi niðurstöður. Þetta er svo mikil óregla að ekki er hægt að nota gögnin án skýringa.

Líklegasta skýringin er sú að mælirinn hafi ekki verið í góðu sambandi við vatnsborðið utan hans.

Það var því ákveðið að nota ekki þessi gögn, en taka aðeins gögn frá Skálabrekku (vhm1197). Í framtíðinni væri æskilegt að hafa öruggar mælingar beggja vegna vatnsins og væri þá hægt að gefa upp einhvers konar meðalvatnshæð.

Starfsmenn Landsvirkjunar segja að LV-802 sé stilltur eftir fastmerki sem Axel Phil setti í stíflugarðið við inntakið 27. feb.1964, með hæð 103,581. Frá sama tíma var rör innan við hurð á mælishúsi mælt 103,44 m y.s. Þessar hæðir eru í Sogskerfi.

Það hefur nú verið staðfest að réttar hæðir eru 2,04 m neðar í Landskerfi en í gamla Sogskerfinu. Því miður var ekki hægt að mæla rétta hæð þessa gamla merkis þegar endurskoðunin fór fram, því það var þá brotið. Hins vegar var mælt á skjöld í stíflu, HM-837 með hæð 101,769 og á fastmerki Orkustofnuna 7087 með hæð 101,7496 m. Stuðst var við gamla mælingu frá Phil, merki á skjöld HM-837, þegar rétt hæð var færð á vatnshæðarmælinn.

Vatnsborð var sagt hafa verið 100,39 m y.s. þann 23/11/95, en þann dag var vatnsborð 100,38 m y.s. í Skálabrekku-mælinum. Það er algengt að mælarnir séu með þennan mun eða heldur meiri og er efast um gæði mælinganna í LV-802 þar til gefist hefur tækifæri til að mæla niður frá fastmerki og staðfesta vatnsborðsmælinguna þannig. Mælir var

sagður réttur þennan dag, en ekki er vitað hvort gerðar voru samanburðarmælingar því til staðfestingar.

### 2.1.3 Landmælingar við Þingvallavatn

Orkustofnun hefur gert nokkrar mælingar á hæð fastmerkis FMV197, við vatnsborðs-stöð vhm197 Skálabrekku, ásamt vatnsborði. Sjá kafla 3 og mynd 1. Til viðmiðunar er mælt fastmerki FM 7087 í stíflu í útfalli, sem LV hefur nú tengt Sogskerfinu, með föstum 2,04 m mun. Reiknað er með að vatnsborð sé lárétt milli merkjanna. Gengið hefur verið út frá því að stíflan hafi ekki hreyfst, en spildan við Skálabrekku hefur sigið umtalsvert í tímans rás, þó ekki sé það á tíma mælinganna.

Tafla 1. Hæðarmælingar út frá vatnsborði við Þingvallavatn.

Dagsetning	Vatnsborð m y.s.				
	FMV197	*)	FM7087	vhm197	LV-802
1975.08.11	101,206				
1982.06.21	101,213	100,54	101,75	100,53	100,56
1985.09.21	101,214	100,68	101,75	100,69	100,73
1990.11.20	101,20	100,54	101,75	100,54	100,56
1991.06.03	101,20	100,47	101,75	100,47	100,48
1994.09.30	101,20	100,45	101,75	100,46	100,46
1994.09.30	101,21	100,46	101,75	100,46	100,46

\*) hallamælt frá gömlu fastmerki, sem hafði þá sigið 0,044 m

### 2.1.4 Vatnshæðarmælingar við Skálabrekku

Vatnamælingar settu upp sírita við Skálabrekku 11. ágúst 1975. Hann var mældur inn í hæðarkerfi Sogsins út frá gömlu fastmerki með hæð 102,10 m y.s. sbr. mælibók 1191. Þetta fastmerki var undir vatnsborði og er ekki vitað hvenær hæð þess var upphaflega mæld. Hugsanlega var það gert sem hluti af mælingum á flatarmáli fjörunnar sumarið 1953.

Gögn eru skráð undir vatnshæðarmæli vhm1197 og síðan flutt á vhm4197. Gögnin eru tilbúin frá upphafi mælisins 11. ágúst 1975 til ársloka 1995.

Sett var nýtt fastmerki FMV197 á landi í hæð Sog 103,29 m samkvæmt hallamælingu frá eldra merkinu. Hilla og útikvarði voru síðan stillt eftir því. Munur fastmerkja er 1,19 m. Núll á kvarða var sett 100 á sírita (15/11/75). Reiknað var með 1,87 m mun á milli hæðarkerfis Sogsins og Landskerfisins. Ekki var reiknað með neinu landsigi. Hilla í vatnshæðarmæli eða hilluhæð, er föst viðmiðunarhæð sem er mæld inn frá fastmerki. Frá hillunni er mælt reglulega á vatnsborð til að athuga hvort kvörðun mælisins hefur breytst. Á sama hátt er stundum notaður kvarði utan við mælinn.

Daginn sem mælirinn var settur upp var vatnshæð 100,40 m y.s. á mælinum sem samsvavar 102,264 m y.s. í Sogskerfi. Við Steingrímsstöð var vatnshæð mæld 102,22 m y.s., skv. Lv-1502 og af rafstöðvarblaði.

Hilluhæð var mæld 105,028 m í Sogskerfinu þann 19/6/91 út frá nýja fastmerkinu.

Þann 16. janúar 1992 var endurmælt frá gamla FM í vatninu að FM197. Þá mældust 1,22 m milli merkjanna. Þessi 3 cm munur getur verið vegna staðsetningar á hraunnibbunni sem fastmerkið er sagt vera. Fastmerkið er hraunnibba úti í vatninu en ekki skjöldur svo sem venja er til. Ekki var leiðrétt samkvæmt þessari mælingu. Vatnsborð var 57 cm ofan við merkið. Álestur á sírita var 100,79, en það samsvarar 102,65 m á mælinn við Steingrímsstöð. Álestur við stöðina var 102,61 m þann 15/1/95 samkvæmt rafstöðvarblaði, en 102,65 samkvæmt mæli LV-802.

Þessi munur milli rafstöðvarblaðs og mælis LV-802 verður til þess að erfitt er að treysta mælingunum, enda er farin sú leið að nota frekar mælingarnar við Skálabrekku.

Fram að 19/6/91 var síriti settur eftir kvarða. Fram kom 3 cm skekkja þegar hilla var mæld inn og var hún rakin aftur til 22. október 1986, en þá var penni færður um 3 cm án skýringa. Að auki var þessari færslu jafnað til 1.október. Þetta var lagað í gögnum vhm197.

Til eru nokkrar niðurmælingar.

**Tafla 2.** Niðurmælingar í vhm197.

Dagsetning	Niðurmæling	Hilluhæð	Vatnsborð	Pappír	
1990.12.19	2,435		100,51	100,53	Hilluhæð þá óþekkt
1991.06.20	2,496	102,944	100,45	100,48	Leiðrétt, hilla mæld inn
1992.06.05	Niðurmæling, allt rétt, svo var einnig í seinni mælingum.				

Það hefur nú komið í ljós að þessar hæðir eru ekki réttar sem raunhæðir. Það er annars vegar vegna landsigs við Skálabrekku og hins vegar vegna þess að munur á Sogskerfi og landskerfi er 2,04 m en ekki 1,87 m. Þær forsendur sem menn gáfu sér til að finna raunverulega hæð vatnsborðs í metrum yfir sjó voru rangar og því varð útkoman eftir því.

Það þarf því að leiðrétta allar uppgefnaar hæðir við mælinn og öll gögnin sem áður hafa verið gefin út. Við þessa leiðréttingu er gengið út frá því að fastmerki í stíflu við útfall Sogsins hafi ekki hreyfst.

Það var því valið að flytja rétta vatnshæð í landskerfi, frá mælinum við Steingrímsstöð yfir vatnið, daginn sem síritinn var reistur og stilla allar hæðir út frá því. Reiknað er með að afstæðar hæðir við síritann séu rétt mældar.

Mæld vatnshæð við Steingrímsstöð daginn sem síritinn var reistur var 102,22 m sem leiðréttist í 100,18 m og er lögð til grundvallar öllum öðrum hæðum. Við Skálabrekku mældist vatnsborð 100,40 sem leiðréttist í 100,23 vegna nýrrar hæðarleiðréttingar. Þessi munur er talinn stafa af landsigi við Skálabrekku, sem hefur fært gamla fastmerkið í vatninu niður um 5 cm frá því það var mælt og þar til mælirinn var reistur.

Það þarf því að lækka álestrana í Skálabrekkumælinum um samtals 22 cm. Það hefur verið gert.

Hið gamla fastmerki FMVHM197, úti í vatninu, var sagt vera í hæð 100,06 m y.s. en er í raun í hæð 100,01 m y.s. Nýja fastmerki FMVHM197 á landi er samkvæmt því í hæð 101,20 m y.s. sem passar vel við landmælingar í töflu 1. Það er að vísu umhugsunarefni að það munar 3 sm á mælingunum milli fastmerkjanna sem gerðar voru 1975 og 1992. Hins vegar var nýja fastmerkið fyrst mælt inn í landskerfið 1982 og hefur hæð þess verið sú sama síðan, sjá töflu 1.

Hilluhæð var mæld frá FMVHM197 og er 102,95 m y.s. samkvæmt þessu.

### 2.1.5 Samanburður mælinga

Allar tiltækar mælingar eru nú skoðaðar saman til að finna bestu gögn um vatnsborðshæð í Þingvallavatni í tímans rás. Þau eru skráðar á mæli vhm4197 og ná frá 1940 til 1995.

Elstu mælingarnar er ekki hægt að sannreyna og eru þær notaðar óbreyttar. Brúað er línulega á milli daga þegar mælt var og að auki var brúað í stærsta hluta árána 1955 og 1956.

Frá 1960 til 1975, þegar síritinn var reistur, eru til daglegir álestrar af vatnshæð í Steingrímsstöð.

Eftir 1975 eru síritagögnin notuð jafnvel þótt til séu mælingar úr stöð á sama tíma. Þetta er gert vegna þess að mælirinn í stöðinni sýnir óskýrðar sveiflur sem gætu bent til þess að hann hafi ekki verið í lagi. Í framtíðinni ætti að leggja rækt við það að stilla þennan mæli nákvæmlega inn, með reglulegum niðurmælingum og fylgjast þannig með því hvort hann mæli rétt.

## 2.2 Mælingar á rennsli Sogsins

Sogið er útrennsli Þingvallavatns. Það var fyrst virkjað við Ljósafoss, 1937. Síðan var Írafossvirkjun bætt við 1953 og Steingrímsstöð 1959. Með tilkomu síðustu stöðvarinnar var útfall Sogsins stíflað og farið var að stjórna útrennslinu úr Þingvallavatni, eftir 1960. Rennslið er nú mælt við Ásgarð neðan virkjana.

Sogsvirkjanirnar nýta sér um 75,5 m heildarfall, sjá mynd 1. Þær eru að verulegu leyti rennslisvirkjanir sem nýta sér rennsli Sogsins á hverjum tíma án umtalsverðrar miðlunar. Af þessum sökum er hægt að nota vatnshæðarmælinn við Ásgarð, rétt neðan virkjana til að skilgreina rennslið í ánni. Vatnasviðið ofan Ásgarðsmælisins er um 1050 ferkílómetrar.

Elstu mælingar á rennsli Sogsins eru frá árunum 1919-1929, og byggja á kvarðaálestrum. Vatnshæð Þingvallavatns var ekki mæld samtímis og eru gögnin því ekki nothæf fyrir miðlunina úr vatninu. Þessi gögn hafa enn ekki verið tölvuskráð.

Frá 1940-1972 var notað vatn, vhm3002 og framhjärennisli, vhm2002 Ljósafossvirkjunar notað til að finna heildarrennisli Sogsins, skráð sem útrennisli Ljósafossvirkjunar vhm77002. Skýringar á nafngiftum vatnshæðarmælanna eru gefnar í kafla 3, að svo miklu leyti sem þær skýra sig ekki sjálfar. Gögnin voru skráð af starfsmönnum virkjunarinnar í dagbækur og afrit send Vatnamælingum á rafstöðvarblöðum. Ekki er þekkt hvaða lykilar voru notaðir til að umreikna rafmagnsframleiðslu og lokustöður yfir í vatn. Gögnin eru til út árið 1973, en með tilkomu Ásgarðsmælisins árið 1972 var farið að nota gögn úr honum.

Áðurnefnd gögn voru síðan skráð sem framhjärennisli, vhm2197 og útrennisli, vhm77197 Þingvallavatnsmiðlunar, frá 1. janúar 1940 til 14. febrúar 1972.

Mælistöð vhm271 við Ásgarð var reist 15. febrúar 1972 og hefur verið starfrækt síðan með smávægilegum hléum. Hún er rétt neðan virkjana og óverulegt vatn kemur í á milli. Mælingar við Ásgarð eiga því að vera sambærilegar við það sem fæst út úr stöðvunum.

Mælirinn var í fyrstu stilltur eftir kvarða. Fastmerki í hæðinni 127,2 cm er úti í ánni og var kvarðinn sennilega stilltur eftir því í upphafi. Ekki er vitað hvenær fastmerkið var sett niður. Þann 20. júní 1991 mældi SÁ frá fastmerki á kvarða og hilluhæð. Þá kom í ljós að kvarði var 1,5 cm of hár. Mælirinn var leiðréttur 6. ágúst 1991 og stilltur eftir niðurmælingu í brunni.

Það var tekið tillit til þessarar lækkunar í nýja rennislislyklinum, Nr. 3, sem gerður var eftir mælingum 1990 og 1991. Álestrar mælinganna voru því 1,5 cm lægri en samtímis álestrar á pappírinn. Lykill Nr. 3, sem gerður var, gildir frá 20. júní 1991.

Það var einnig gerður annar lykill, Nr. 4, byggður á sömu mælingum, en hliðraður niður um 2,5 cm, frá lykli Nr. 3. Aðalástæðan fyrir gerð þessa lykils er sú, að allar gamlar rennislismælingar hafa of háan álestur. Einnig bendir samanburður við rennislis rafstöðvar til þess að of mikið vatn hafi verið skráð við Ásgarð. Lykill Nr. 4 gildir frá upphafi mælis og til 19. júní 1991

Gögn Ásgarðsmælisins vhm271, eru einnig skráð sem framhjärennisli, vhm 2197 og útrennisli, vhm 77197 Þingvallavatnsmiðlunar, frá 15. febrúar 1972.

Frá árslokum 1973 var hætt að skrá útrennisli úr Ljósafossi vhm002 og í staðinn eru notuð gögn frá Írafossi vhm220. Þau eru hins vegar ekki fullkomin fyrr en í febrúar 1976, þegar farið er að skrá bæði notað vatn, vhm2220 og framhjärennisli, vhm3220. Vatnamælingar hafa ekki lykila fyrir samband raforkuframleiðslu og rennislis né lykila fyrir rennislis um yfirföll. Írafoss gögnin voru því ekki notuð nema til að brúa í Ásgarðsmælinum ef mælingar þar féllu niður.

Gögn um Þingvallavatnsmiðlun byggjast á tveim meginþáttum. Í fyrsta lagi mælingum á vatnshæð í vatninu og í öðru lagi mælingum á heildarrennisli Sogsins. Það skiptir engu máli fyrir miðlunina hvernig vatnið í Soginu er notað eftir að það fer út úr vatninu. Hins vegar þarf að taka forðabreytingar Þingvallavatns inn í myndina ef finna skal, hvað er að gerast á hverjum tíma á vatnasviði miðlunarinnar. Það verður því að nota tölur um reiknað innrennisli til Þingvallavatns vhm7197, ef ætlunin er að skoða afrennisli eða áhrif veðurfarssveiflna.

### 2.2.1 Samanburður milli mælistöðva

Árin 1972 og 1973, þegar gögn frá Ljósafosstöðinni vhm002 voru skráð samhliða Ásgarðsmælinum vhm271, kemur fram kerfisbundinn munur á gögnunum. Þau tímabil sem Ljósafosstöðin er ekki keyrð og aðeins er yfirfallsvatn, þá er uppgefið vatn um 0,5 Gl meira á dag, en mælist við Ásgarð. Þau tímabil sem stöðin er keyrð, en þá er mikið yfirfallsvatn, þá er munur frá því að vera enginn og upp í það að Ásgarður gefi 0,8 Gl meira á dag en stöðin. Það er óverulegur munur á ársmeðaltölum mælanna þessi tvö ár.

Þetta bendir til þess að lyklar fyrir notað vatn og yfirföll í stöðinni hafi verið vafasamir. Yfirfallið gefi of mikið og stöðin of lítið. Það er þó hugsanlegt að ársrennslið sé nálægt lagi, en væntanlega er það þó háð því hvernig stöðin var keyrð og hversu margar vélar voru í notkun.

Eftir að farið er að nota Írafosstöðina, frá 1974, er ekki hægt að bera saman rennsli út úr stöð og við Ásgarð árin 1974, 1975 og fram til 7. febrúar 1976 því gögn vantar um framhjárennslið.

Síðan gefur Ásgarður ævinlega nokkru meira vatn en stöðin eða svipað þar til 1. desember 1979.

Frá þeim degi gefur Ásgarður nokkru minna vatn en stöðin, eða álíka á sumrin og er ástandið þannig út árið 1980.

Eftir einhverja óreglu í upphafi 1981, væntanlega vegna íss, gefur Ásgarður umtalsvert minna vatn en stöðin út 1983.

Í upphafi 1984 verður enn ein kollsteypan og gefur Ásgarður nú nokkru meira en stöðin. Fljótlega 1985 breytist það aftur og gefur Ásgarður heldur minna og munar það stundum 3-6 m<sup>3</sup>/sek á mánuði, sem getur samsvarað um 2 cm í vatnshæð. Þetta ástand helst fram til 1991.

Með tilkomu nýja lykilsins á því sumri, er mismunandi hvort Ásgarður eða stöðin gefa meira vatn.

Þessar sveiflur geta ekki talist eðlilegar. Annað hvort var mælir rangt stilltur, eða að einhverjum lyklum fyrir virkjunina hefur verið breytt. Það er vitað að mælirinn var upphaflega stilltur inn eftir kvarða, en seinni tíma mæling á honum sýndi að hann hafði ekki rétta hæð miðað við niðurmælingu á fastmerki. Það var reynt að vinna á móti þessari villu með breytilegum lykli. Það virðist hins vegar frekar vera þannig að vatnshæðir árána eftir 1985 séu lækkaðar of mikið. Ef lykill Nr.3 gildi aftur til 1985 þá yrði munur hverfandi á Ásgarði og stöð.

Ekki fengust óyggjandi upplýsingar úr stöð um það að engum lyklum hafi verið breytt í tímans rás. Það var hins vegar upplýst að hinn mældi lykill Vatnamælinga frá 1990 og 1991, sem einnig átti að kvarða stöðina, er ekki inni í kerfiráð og er því notað vatn sem Landsvirkjun skráir ekki miðað við hann. Það er því rík ástæða til þess að bera saman lykil sem gerður var fyrir stöðina í tengslum við rennslismælingar 1990 og 1991 og þann lykil sem var notaður til að finna framhjárennsli.

Það verður að gæta að því, að við fyrri útgáfu gagna um rennsli Sogsins gætti nokkurs misskilnings um það, hvaða gögn voru skráð á hvaða númer. Öll útgáfan var gefin út undir mælisnúmerinu vhm002, sem er númer Ljósafossstöðvarinnar.

Gerð var gangskör að því, að skilja gögnin í sundur og eru nú gögn frá Ljósafossi skráð á vhm002, Írafossgögn eru skráð á vhm220 og gögn frá Ásgarði á vhm271. Það er síðan sótt í þessar raðir eftir þörfum til að gera bestu röðina fyrir útrennsli Þingvallavatns-miðlunar vhm197.

### 2.2.2 Rennslismælingar í Soginu

Gerðar voru tíu rennslismælingar í Soginu sumarið 1990 og tvær sumarið 1991, við vatnshæðarmæli vhm271 og jafnframt var raforkuframleiðslu haldið stöðugri við hverja mælingu. Tilgangurinn var að fá góðan lykil fyrir samband vatnshæðar og rennslis í mæli vhm271 og um leið að kvarða vatnsnotkun véla Írafossstöðvarinnar.

Á grundvelli mælinganna var gerður rennslislykill fyrir Ásgarðsmælinn og hlaut hann númerið 3 og var látinn gilda frá 20. júní 1991. Gerð er grein fyrir gerð lykilsins í greinargerð SÁ frá 1994. Þá athugasemd verður að gera við lykilinn að skráðar vatnshæðir í síritanum voru lækkaðar um 1.5 cm, áður en þær voru notaðar sem álestur við rennslismælingu. Með þessu móti voru vatnshæðirnar við rennslismælingarnar byggðir á niðurmælingu á FM. Áður hafði mælir verið settur eftir bandi og útikvarða.

Eldri rennslismælingar, en þær eru fáar, virtust gefa minna vatn en þessi lykill gerði ráð fyrir. Það skal að vísu tekið fram að flestar mælinganna eru 0,6-mælingar, en einnig eru tvær alvörumælingar frá 1989. Í 0,6-mælingu er hraði mældur í dýpi sem er 60 % af heildardýpi, en í venjulegri mælingu er hraðinn mældur í mörgum punktum milli botns og yfirborðs. Til að leiðrétta þennan mun var því brugðið á það ráð að gera annan lykil með 2,5 cm lækkun á vatnshæðum í lykli Nr. 3. Þessi nýi lykill fékk númer 4 og gildir frá upphafi síritans til 19. júní 1991. Lykillinn byggir á sambandi rennslis við Ásgarð og Írafossstöð ásamt álestrum við eldri rennslismælingar.

Það er orðin viðtekin venja að lagfæra lykila ef svona færslur verða í mælum, en með því móti haldast vatnshæðirnar óbreyttar eins og þær eru skráðar á pappírinn.

Það hefur ekki fengist skýring á því hvers vegna þessi breyting hefur orðið á mælinum. Líklegast er þó að mælirinn hafi verið rangt stilltur í upphafi, eða þá að kvarðinn hefur færst.



### 3. NÚMERAKERFI OG STÖÐVARPÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU

Hér verður fyrst farið nokkrum orðum um stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga fyrr og nú. Jafnframt er fjallað lítils háttar um stöðvarpætti almennt hjá virkjunum, miðlunum og veitum. Síðan er gerð grein fyrir í meginatriðum úrvinnsluferli gagna í tölvu.

Númerakerfi mælistöðva Vatnamælinga hefur frá upphafi byggst á hlaupandi númeraröð. Hafa númerin verið rituð sem "vhm " + tala eða "vhm" + 3 tölustafir, t.d. vhm 24 eða vhm024, síðari rithátturinn má teljast föst regla í seinni tíð. Lengst af var litið svo á, að í aðalatriðum væri um þrenns konar stöðvar að ræða, þ.e. rennslisstöðvar, vatnsborðsstöðvar og rafstöðvar. Hjá tveim þeim fyrstnefndu var aðeins mældur einn mæliþáttur, hjá rafstöðvunum allt að þrír, nefnilega framhjárennsli, notað vatn og vatnshæð í lóni. Auk þess voru vissir þættir reiknaðir út frá þessum grunnþáttum, þannig að í gagnabankanum tilheyrðu formlega 7 þættir hverri stöð (nú aðeins 6). Talað var um "gervirafstöðvar", ef um var að ræða miðlun án raforkuframleiðslu, þ.e. notað vatn var ekkert eða látið tákna einhverskonar "aukaframhjárennsli". Þá var ekki alltaf einkvætt samband milli númera og stöðvar, fyrir kom að sama númer vísaði bæði til rennslis- og vatnsborðsstöðvar eða bæði til rennslisstöðvar og rafstöðvar. Venjulega hélt stöð númeri sínu eftir tilfærslu á nýjan stað við sama vatnsfall, ef hún taldist mæla svipað vatn og áður. Nú stendur yfir næsta grundvallarleg endurskipulagning á gagnabanka og úrvinnsluferfi Vatnamælinga, þar sem almennt er lögð mikil áhersla á einkvæmni. Hvað mælistöðvakerfið varðar er nú (1996) nýi gagnagrunnurinn frágenginn og þó að honum verði hér ekki lýst að öðru leyti er nauðsynlegt að geta atriðis sem beinlínis varðar númerakerfið sem slíkt. Hverri rennslis- eða vatnshæðarmælistað tengjast tvö númer. Fyrra númerið, svokallað vhm-númer, svarar nokkurn veginn til þess sem hér hefur verið nefnt stöðvarnúmer og getur átt við fleiri en einn mælistað. Það síðara, staðarnúmerið, er einkvæmt númer á fastnegldum landfræðilegum mælistað. Þannig er nú t.d. núverandi vatnshæðarmælir (rennslisstöð) í Þjórsá við Sandafell einkenndur með 97/297, rennslismælingakláfurinn nokkru neðar, sem telst mæla sama vatn, með 97/50097 og gamli mælirinn niður við Tröllkonuhlaup, sem taldist mæla sambærilegt vatn, með 97/97.

Í stað rafstöðva tölum við nú fremur um virkjanir, miðlanir og veitur. Ef til vill má kalla slíkar stöðvar "þáttastöðvar" til aðgreiningar frá þeim stöðvum, sem aðeins mæla einn vatnafarsþátt á einum stað. Allavega er nú komist svo að orði, að hjá þessum stöðvum séu nú tölvuskráðir sex stöðvarpættir. Þrír þeir fyrst töldu hér á eftir teljast frumþættir í þeim skilningi, að þeir koma sem inntaksgögn við staðaltölvuvinnslu á þáttastöðvum hjá Vatnamælingum, eru sem sagt "mældir" beint eða óbeint. Forvinnsla á hreinum mæligögnum fer ýmist fram hjá rafstöðvum eða Vatnamælingum. Þrír síðar-töldu þættirnir eru aftur á móti "reiknaðir" þættir, í staðalvinnslunni eru þeir leiddir af frumþáttunum á einfaldan, fastan hátt. Þættirnir eru:

Framhjárennsli  
Notað vatn  
Vatnshæð í lóni  
Fordi í lóni, svarandi til vatnshæðar skv. forðalykli  
Útrennsli = Framhjárennsli + Notað vatn  
Innrennsli = Útrennsli + Aukning forða í lóni

Reyndar er möguleiki, að forðinn hafi verið fundinn áður en að staðalvinnslu kemur, heyrir hann þá líka til inntaksgagna.

Áður fyrr var einnig sjöundi stöðvarþátturinn, heildarforði, hafður með. Þar var átt við samanlagðan forða allra miðlunarlóna á vatnasviði virkjunarinnar, ekki bara forða næsta lóns fyrir ofan, sem þá var oftast nefnt inntakslón, nú frekar aðeins lón. Þegar það var eina miðlunarlónið var heildarforði að sjálfsgöðu jafn forða í lóni. Þá gildi líka sambandið

$$\text{Innrennsli} = \text{Útrennsli} + \text{Aukning heildarforða}$$

Vegna breyttrar skilgreiningar á innrennsli getur komið fyrir, að innrennsli í skýrslum þeim, sem nú eru að koma út, verði allt annað en í eldri skýrslum. Annars fer jafnan fram endurskoðun á frumgögnum í tengslum við nýju útgáfuna, svo að alltaf má búast við einhverju misræmi miðað við eldri tölur, það ætti þó yfirleitt að verða minni háttar, þegar til lengri tíma er litið.

Þess má láta getið að fyrrum kom fyrir, að aðeins var tölvuskráður forði/heildarforði, en ekki vatnshæð (inntaks-) lóns.

Nú köllum við *miðlun* það sem áður var nefnt gervirafstöð, og *veita* heitir þegar vatnsfall greinist án þess að þar sé um miðlunarlón að ræða.

Þar sem vafi getur leikið á hvort orðin "miðlun" og "veita" séu notuð í ofangreindri merkingu, má í þeirra stað nota orðin *miðlunarstöð* og *veitustöð*. Einnig má oft líta á orðin *virkJun*, *virkJunarstöð* og *rafstöð* sem samheiti á þáttastöðvum, þar sem rafmagn er framleitt.

Í gagnabanka Vatnamælinga er eins og er, hjá stöðvum öðrum en rennslisstöðvum, einni eða tveim tölum bætt framan við þriggja stafa stöðvarnúmerið til að aðgreina stöðvartegundir og stöðvarþætti. Vatnsborðsstöðvar eru með fjögurra stafa númer, þar sem "1" kemur á undan gamla stöðvarnúmerinu. Hjá þáttastöðvunum er þetta þannig, ef dæmi er tekið af vhm002, Ljósafossvirkjun: Framhjärennsli skráist á 2002, notað vatn á 3002, vatnshæð í lóni á 4002, forði í lóni á 5002, útrennsli á 77002, innrennsli á 7002. Í framtíðarkerfi verður önnur aðferð notuð til aðgreiningar, þó að gömlu grunnúmerin verði yfirleitt látin halda sér, þar mega þau númer líka verða lengri en þriggja stafa.

Gögn Þingvallavatnsveitu samanstanda af vatnshæðarmælingum í vatninu og upplýsingum um rennsli Sogsins, en þær eru af ýmsum toga eins og fram hefur komið.

Nú eru notaðar upplýsingar frá síritandi vatnsborðsmæli við Skálabrekku til að gefa vatnshæð Þingvallavatns og síritandi vatnshæðarmælir við Ásgarð er notaður til að finna rennsli Sogsins.

Á árum áður voru notaðar upplýsingar frá rafstöðvunum við Ljósafoss og Írafoss. Þau bárust Vatnamælingum sem listi ("rafstöðvarblað") yfir framhjärennsli og notað vatn dag hvern.

Í inntakslóninu er svo lítil temprun á innrennslinu, að reiknað er með, að forði virkjunarinnar sé núll.

Framhjárennslið var fundið af starfsmönnum rafstöðvarinnar með rennslislykli út frá lokustöðu.

Vatnið, sem virkjunin notar, er fundið út frá raforkuframleiðslunni dag hvern. Til þess er notaður lykill, sem gerður var fyrir vélar virkjunarinnar.

Um tölvuskráninguna, úrvinnsluna og gagnageymsluna skal aðeins farið fáum orðum, enda breytingum og byltingum undirorpin. Eins og er, eru notuð fjölmörg forrit, sem skrifuð hafa verið á Vatnamælingum, flest af Ásgeiri Sigurðssyni. Flestum þessara forrita er beitt við fleiri en eina þáttastöð, mörgum við þær allar. Framhjárennslið og notaða vatnið eru slegin inn í gagnaskrár viðkomandi stöðvarþátta, 2002 og 3002, fyrir Ljósafoss og 2220 og 3220 fyrir Írafoss. Forðinn er fundinn út frá vatnshæð Þingvallavatns. Forrit finnur síðan útrennsli/innrennsli úr vatninu.

Stöðvarþættirnir, sem hér eru birtir sem töflur og gröf, eru vatnshæð og forði Þingvallavatns og útrennsli - innrennsli.

Allir þættirnir eru aðgengilegir sem tölvutæk gögn. Gögn fyrir ákveðinn þátt og árabíl fara þá í textaskrá (ASCII) sem runa af dagsgildum, sem notandi getur fengið á disklingi eða yfir gagnanet.

#### **4. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR**

Til þess að gögn um vatnsbúskap virkjunarinnar verði nákvæmari í framtíðinni, ætti að taka til athugunar eftirfarandi úrbætur:

- Vanda betur til mælinga á vatnsborði Þingvallavatns við Steingrímsstöð. Það er full þörf á því að fylgjast með mælitækjunum og gera reglulegar eftirlitsmælingar frá fastmerki. Með þessu móti væri tryggt að starfræktir væru tveir jafngóðir vatnsborðsmælar sitt hvoru megin vatnsins. Það mætti síðan nota gögn þeirra saman til að skilgreina rétta vatnshæð.
- Mæla vatnið, sem fer í gegn um vélarinnar við breytilegt álag og vatnshæð til þess að sannreyna kvörðunina á notaða vatninu. Sama þyrfti að gera með aðra lykla sem notaðir eru, jafnvel þótt vatnið sé einnig mælt við Ásgarð neðan virkjunar. Bera þarf saman þá lykla sem fást með þessum ráðum og þá lykla sem nú eru í notkun. Einnig þarf að athuga hvernig eldri ákvarðanir á rennsli eru teknar. Þetta getur þýtt endurskoðun eldri rennslisgilda. Fyrsta skref á þessari braut er að reikna rennsli fyrir Ljósafoss í nokkur ár í viðbót eftir 1973, eða rennsli fyrir Írafoss frá t.d. 1970 til 1976. Þetta verður að gerast úr dagbókum virkjananna.
- Þessar úrbætur ættu að verða til þess að í kerfiráð Landsvirkjunar séu á alltaf jafn góðar upplýsingar og Vatnamælingar aflu með óháðum hætti. Til þess að svo verði þá þarf að setja inn lykla byggða á bestu upplýsingum og uppfæra þá síðan. Nú er verulegur misbrestur á þessu.

## 5. NIÐURSTÖÐUR

Í skýrslunni eru sett fram gögn um vatnsbúskap Þingvallavatnsmiðlunar á árabílinu 1940-1995, vatnshæð og forða Þingvallavatns ásamt, útrennsli, sem er rennsli Sogsins og reiknuðu innrennsli. Þetta eru þeir þættir, sem almennt eru birtir í rafstöðvaskýrslum um miðlanir, en í þessu tilfelli er lítill gaumur gefinn að því hvernig vatnið er notað af þeim virkjunum sem eru í Soginu.

Gæði gagnanna eru mismikil eins og rakið er hér að framan, en leitast er við að velja bestu gögnin á hverjum tíma í gögn Þingvallavatnsmiðlunar.

Það tímabil sem vatnshæðir Þingvallavatns eru fundnar með álestrum af kvarða með vafasama hæðarákvörðun verður reiknað innrennsli til vatnsins að teljast vafasamt.

Síðan tekur við tímabil með daglegum álestrum með svo mörgum villum að setja verður dálítið spurningamerki við eftirlitið með vatnshæðarmælinum. Eftir að sítitinn kom upp er líklegt að vatnshæðirnar séu í þokkalegu lagi.

Hvað varðar mælingarnar á rennsli Sogsins þá kom fram mjög umhugsunarverð óvissa um gæði upplýsinga frá Ljósafossi. Lílegt verður að telja að stöðin vanmeti notað vatn umtalsvert og ofmeti framhjárennsli.

Upplýsingar um rennsli frá Írafossi hafa ekki verið teknar með í rennslisröð Sogsins, en þær má nota til að framkvæma óháð mat á öðrum mælingum. Fyrst þarf þó að finna réttan lykil fyrir stöðina.

Það er einnig óvissa um gæði Ásgarðsgagnanna fram til 1990. Til ársloka 1979 er hugsanlegt að mælirinn hafi verið of hátt stilltur, en eftir það og fram til 1991 gefur mælirinn hins vegar of lítið. Ef lykill Nr. 3 væri látinn gilda á þessu tímabili þá lagaðist ástandið. Með gildistöku lykils Nr. 3 á árinu 1991 ber Ásgarðsmælinum og Írafossi vel saman.

Það hefur ekki tekist að eyða þessum óvissuþáttum við gerð skýrslunnar.

Ársmeðaltöl vatnshæðar, útrennslis og rennslis Ölfusár vhm064 fyrir tímabilið í heild eru sýnd á mynd 2. Á sama hátt eru mánaðarmeðaltöl gefin á mynd 3. Þessar langtíma-myndir auðvelda samanburð á milli ára.

Til frekari glöggvunar voru gerðar hliðstæðar myndir, sem sýna meðalhita og meðalúrkomu í Reykjavík, ásamt innrennsli umreiknuðu í náttúrulegt afrennsli af vatnasviðinu ofan Ásgarðs í mm. Mynd 4 er af ársmeðaltölum og mynd 5 af mánaðarmeðaltölum.

Í viðauka 1 í þessum A-hluta skýrslunnar er gildandi rennslislykill, sem er númer 3, gefinn fyrir vhm271 við Ásgarð. Lykillinn gildir frá 20. júní 1991, en fyrir þann tíma gilti lykill númer 4 frá uppsetningu mælisins 15. febrúar 1972.


Forðalykill Þingvallavatns sem miðast við hæðarkerfi Landmælinga er einnig gefinn í

viðaukanum.


